

L Ö G

92

22. nóv.

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 1. málsg. 14. gr. laganna falli burtu setningin „Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir rikissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni.“

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

93

29. nóv.

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með 450% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. laganna, sem henni heimilast að innheimta með 550% álagi, og öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla, sem heimilað er að innheimta með 600% álagi, og kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla, sem heimilað er að innheimta með 50% álagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. nóvember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.